

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	15.02.21
Málalýkill	00.2
Mál nr.	2102266



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík 10. febrúar 2021

Tilv.: MMR20110358/2.2.5.2

Efni: Ósk um tilnefningu í skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ 2021-2025

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartíma núverandi skólanefndar við Fjölbrautaskólann í Garðabæ lýkur 14. mars 2021. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Garðabær tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 26. febrúar næstkomandi. Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess. Er þetta gert með skírskotun til ákvæðis 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra

Björg Petersdóttir

María Þorgerður Guðfinnsdóttir